

Einstaklingur [...]

Kt. [...]

Heimilisfang [...]

Hafnarfjörður, 15. maí 2025

Tilv. 2024-07-18-1027

**Efni: Svipting strandveiðileyfis. Lögskráning. Strandveiðiferð stendur lengur en 14 klst.
Jón Pétur RE-411 (2033)**

I. Málsvik

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls varðandi ætluð brot skipstjóra, og eftir atvikum útgerðar, fiskiskipsins Jóns Péturs RE-411, skipaskránnúmer 2033, gegn lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og reglugerð um strandveiðar nr. 460/2024.

Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu (ferilvöktunarkerfi AIS) lét skipið Jón Pétur RE-411 (2033) úr höfn til veiða frá Patreksfirði 16. júlí 2024 kl. 03:48 og kom til hafnar á Rífi til löndunar 16. júlí 2024 kl. 21:41. Lengd veiðiferðarinnar var 17 klukkustundir og 53 mín.

Hvorki Fiskistofu né Landhelgisgæslu Íslands (LHG) bárust tilkynning um ástæður þess að umrædd veiðiferð fór umfram leyfilegan 14 klukkustunda hámarkstíma.

Með bréfi, dags. 1. júlí 2024, kom Fiskistofa á framfæri leiðbeiningum vegna sambærilegra frávíka og tók fram að ef veiðiferð skipsins færi aftur fram úr heimiluðum tíma, yrði tekið til skoðunar að beita viðurlögum.

Við nánari skoðun á lögskráningu á skipið á strandveiðivertíðinni 2024, þ.á m. í framangreindri strandveiðiferð, kom í ljós að eigandi skipsins, Ólafur Eggert Pétursson, kt. [...], var ekki verið lögskráður um borð. Þess í stað var [A], kt. [...] lögskráður sem skipstjóri skipsins.

II. Lagagrundvöllur

Leyfi til strandveiða er bundið tilteknum skilyrðum sem fram koma í lögum nr. 116/2006 og reglugerð nr. 460/2024. Meðal skilyrða er að hver veiðiferð skuli eigi standa lengur en 14 klukkustundir, skv. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laganna, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess tíma er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Bili búnaður í kú tíma var Ólafur Eggert Pétursson skráður eigandi skipsins í skipaskrá Samgöngustofu og var hann ekki lögskráður á skipið í neinni fyrrgreindra veiðiferða. Af þeim sökum lá fyrir grunur um brot gegn 1. málsl. 6. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024, sbr. 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006. Fiskistofa upplýsti Ólaf Eggert um framangreint með bréfi, dags. 28. október 2024, og honum veittur andmælafrestur til og með 12. nóvember 2024. Jafnframt voru samrit send á [A], þinglýstan eiganda Jóns Péturs RE-411 (2033) frá 6. september 2024 og skráðan eiganda hjá skipaskrá Samgöngustofu frá 9. sama mánaðar, og MS Verktaka ehf., útgerð skipsins frá 9. ágúst 2024.

Fiskistofu bárust athugasemdir símleiðis frá Ólafi Eggerti þann 5. nóvember 2024, þar sem hann greindi frá því að sala hans á Jóni Pétri RE-411 (2033) til [A] hafi dregist sökum persónulegra ástæðna og þegar samningar tókust hafi strandveiðin verið búin. Hann hafi leyft [A] að róa á bátnum á strandveiðivertíðinni og þannig stuðlað að nýliðun í greininni, og með því móti gæti [A] að endingu keypt bátinn.

III. Niðurstaða

Til skoðunar kom hvort Fiskistofa gæti fallist á skýringar málsaðila um ástæðu þess að veiðiferðin stóð jafn lengi og raun ber vitni. Í því skyni var annars vegar haft samband við LHG til að athuga hvort skipstjóri Jóns Pétur RE-411 (2033) hefði tilkynnt bilun í búnaði, í samræmi við 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024, og hins vegar var veiðiferðin skoðuð í ferilvöktunarkerfi (AIS).

Fiskistofa fékk þær upplýsingar frá LHG, þann 16. ágúst 2024, að samkvæmt málakerfi þeirra hefði engin tilkynning borist frá Jóni Pétri RE-411 (2033) né [D] daginn sem veiðiferðin var farin, 16. júlí 2024. Því gæti LHG ekki staðfest frásögn skipstjóranna um vélarbilun. Hins vegar sýni gögn LHG að skipin hafi verið á svipuðu svæði að veiðum og, að því er virtist, í samfloti inn á Rif og þaðan inn til Reykjavíkur.

Skoðun á ferilvöktunarkerfi (AIS) leiddi í ljós að á ákveðnum tímapunkti í veiðiferðinni virtust skipin Jón Pétur RE-411 (2033) og [D] reka samsíða í tæpar 40 mínútur, og telur Fiskistofa það geta rennt stöðum undir frásögn skipstjóranna. Skoðunin leiddi einnig í ljós að hraði skipanna á heimstími var mjög svipaður hraða skipanna á útstími. Fiskistofa getur fallist á að Jón Pétur RE-411 (2033) hafi rekið í 40 mínútur í veiðiferðinni vegna óviðráðanlegra ástæðna, en að frádregnum þeim tíma stóð veiðiferðin engu að síður í 17 klukkustundir og 13 mínútur.

Sú háttsemi skipstjóra Jóns Péturs RE-411 (2033) að vera á strandveiðum í meira en 14 klukkustundir þann 16. júlí 2024, braut gegn 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024.

Fyrir liggur að á strandveiðivertíð Jóns Péturs RE-411 (2033) 2024 var skráður eigandi skipsins í skipaskrá Samgöngustofu ekki lögskráður á skipið. Sú háttsemi braut gegn 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sbr. 1. málsl. 6. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024.

Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim. Við fyrsta brot sem varðar sviptingu veiðileyfis skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur, eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 og 6. gr. reglugerðar nr. 460/2024. Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu, skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Við mat á því hvort um minni háttar brot er að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megir að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til þess hvernig verknaðinum/verknúðunum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Þá verður að líta til markmiða laga um stjórn fiskveiða og sér í lagi ákvæðis 6. gr. a. um strandveiðar. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 32/2010

(strandveiðar), sem breytti lögum nr. 116/2006, kemur m.a. fram að skilyrðum til strandveiða væri ætlað að dreifa veiðimagni sem mest, bæði í tíma og eftir landssvæðum, draga úr of miklu kappi í veiðunum og stuðla að því að meðferð afla yrði sem best. Takmarkanir á veiðunum, s.s. með hámarks veiðitíma og hámarks afla í hverri veiðiferð, og skilyrði um að eigandi fiskiskips skuli vera lögskráður á skipið, eru sett með það að markmiði að sem flestum verði gert mögulegt að stunda strandveiðar á sjálfbæran hátt, enda takmarkast strandveiðar af þeim aflaheimildum sem ráðstafað er sérstaklega til veiðanna ár hvert. Þá má færa rök fyrir því að takmörkun á hámarksveiðitíma miði jafnframt að því að tryggja öryggi sjómanna á strandveiðum. Mikilvægt er að tryggja jafnræði meðal þeirra sem stunda strandveiðar, og hafi brot málsaðila ógnað þeim hagsmunum.

Þrátt fyrir að málsaðili hafi varið lengri tíma en heimilt er í einni strandveiðiferð á strandveiðivertíðinni 2024 verður ekki séð að veiðiferðin hafi haft í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir málsaðila. Fiskistofa telur brotið hafa verið framið af gáleysi og er það metið sem minni háttar brot.

Varðandi þau brot málsaðila að hafa haldið til veiða allt strandveiðitímabilið 2024 án þess að skilyrði fyrir strandveiðileyfinu væru uppfyllt, þá fólu þau í sér fjárhagslegan ávinning fyrir þáverandi eiganda skipsins og þann aðila er stundaði veiðarnar. Fram kemur í gögnum málsins að þáverandi eigandi skipsins, Ólafur Eggert, seldi þeim er hafði verið lögskráður, [A], skipið fljótlega að lokinni strandveiðivertíðinni og nefnir sjálfur að með því að hafa leyft honum að stunda strandveiðar á vertíðinni 2024 þá hafi hann getað keypt bátinn að lokinni vertíð.

Við lestur ákvæða er lúta að eignarhaldi strandveiðibáta og þeirri kröfu að eigandi skuli lögskráður um borð er ljóst að ætlunin er að eigandi bátsins stundi sjálfur veiðarnar. Strandveiðum er ekki ætlað að hagnýtast eigendum báta með því að láta aðra stunda veiðarnar, hvort sem það er gegn launum, hlut eða til að verða fjárhagslega burðugir til að kaupa af þeim bátinn.

Hvað varðar mat á ásetningi og gáleysi er litið til háttsemi málsaðila og þess að hann á að þekkja þær reglur sem gilda um strandveiðar á hverjum tíma og sjá til þess að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við þær reglur. Krafan um að eigandi skuli vera lögskráður um borð er ein af megin skilyrðum strandveiða þar sem hún stuðlar m.a. að aðgangsjöfnuði, auknum möguleikum fyrir nýliða að stunda fiskveiðar og kemur í veg fyrir samþjöppun og misnotkun á leyfum. Með því að hafa haldið til veiða allt strandveiðitímabilið 2024 án þess að eigandi skipsins væri lögskráður um borð telur Fiskistofu brotin hafi verið framin af ásetningi og telur þau vera meiri háttar. Að teknu tilliti til þess og með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins þykja hæfilega viðurlög vera svipting leyfis til strandveiða í 3 vikur.

Engin fyrri brot hafa ítrekunaráhrif í máli þessu.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Jón Pétur RE-411 (2033) leyfi til strandveiða í þrjár vikur (21 dag) frá og með 13. júní 2025 til og með 3. júlí 2025, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna brota gegn annars vegar 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 og 3. másl. 2. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024, og hins vegar 3. másl. 3. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sbr. 1. másl. 6. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024.

Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu hennar samkvæmt 19. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006.

Kæruheimild

Ákvörðun þessa má kæra til atvinnuvegaráðuneytisins, Borgartúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að málsaðila var tilkynnt um ákvörðunina, skv. 24. gr. laga nr. 116/2006 og 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið atrn@atrn.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu í samræmi við 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992, sbr. 21. gr. laga nr. 57/1996.



Afrit sent á:

MS Verktaka ehf., núverandi útgerðaraðila skipsins.

Ólaf Eggert Pétursson (fyrrum eiganda og útgerðaraðila skipsins).